

Fundargerð 92. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 21. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir veturinn 2025-2026 - 2509002SU

Lögð fram tillaga að fundartíma stjórnar veturinn 2025-2026.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fundarplan.

2. Fundur með atvinnuvegaráðherra - 2511001SU

Til umræðu var fundur stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga með atvinnuvegaráðherra 6. nóvember sl. þar sem farið var yfir málefni er tengjast samtökunum.

Stjórn þakkar fyrir góðan fund með atvinnuvegaráðherra þar sem fjallað var um væntanlegt frumvarp um lagareldi og mikilvægi þess að Byggðarstofnun fylgist með áhrifum hækkunar veiðigjald á sjávarbyggðir og sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hefur miklar áhyggjur af áhrifum hækkunar veiðigjalda á sjávarútvegssveitarfélög og þá sérstaklega á afleidd störf. Stjórn samþykkir að send verði fyrirspurn á aðildarsveitarfélög og óskað eftir upplýsingum um áhrif hækkunar veiðigjalda á störf í sveitarfélaginu, bæði bein störf í sjávarútvegi og afleidd störf.

3. Þingmálaskrá veturinn 2025-2026 - 2511001SU

Til umræðu samantekt úr þingmálaskrá þar sem finna má mál er tengjast hagsmunum samtakanna. Helstu mál eru frumvarp til laga um lagareldi og frumvarp til laga um strandveiðar og byggðakvóta sem á að leggja fram á þingi í febrúar.

4. Fræðsluferð til Noregs - 2511003SU

Til umræðu var fræðsluferð er farin var í október til Noregs og næstu skref.

Stjórn þakkar þeim aðilum er tóku á móti samtökunum í Noregi kærlega fyrir góðar móttökur og upplýsandi erindi og samtöl. Munu þær upplýsingar nýtast í áframhaldandi hagsmunabaráttu samtakanna og þá sérstaklega þegar kemur að væntanlegu frumvarpi til laga um lagareldi.

5. Hafnarbótasjóður - 2509003SU

Til umræðu eru framlög til hafnarbótasjóðs en í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir rúmlega 1,3 milljarða kr. framlagi í hafnarbótasjóð en framlagið lækkar um 30% á milli ára.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir áhyggjum af því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2026 sé aðeins gert ráð fyrir rúmlega 1,3 ma.kr. framlagi í Hafnarbótasjóð, sem er langt frá því að endurspegla raunverulega framkvæmda- og viðhaldspörf hafna í sjávarútvegssveitarfélögum. Framlag í sjóðinn hefur ekki aukist eða verið verðbætt undanfarin ár á sama tíma og áætluð fjárfestingaþörf hafna sem njóta framlaga úr sjóðnum eykst. Fyrir sjávarútvegssveitarfélög, sem reiða sig á öruggar og vel búnar hafnir til verðmætasköpunar, atvinnu og byggðafestu, er þetta sérstaklega alvarlegt. Samtökin skora því á innviðaráðherra og Alþingi að endurskoða fjárframlagið og auka verulega framlag í Hafnarbótasjóð til að tryggja nauðsynlegt viðhald, endurbætur og uppbyggingu hafnarmannvirkja um land allt.

6. Önnur mál - 2511002SU

Pau ár sem ekki er haldinn aðalfundur skal halda sjávarútvegsfund en sjávarútvegsfundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður.

Stjórn felur formanni og starfsmanni samtakanna að leggja fram tillögur að fundarefni og tíma á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 09:00